

Fundargerð

Þriðji fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruvörð.

Fundur á Teams, mánudaginn 20.3.2022 kl. 13:00.

Þátttakendur:

Davíð Örvar Hansson og Lára Björnsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Aðalbjörg Sigmarsdóttir og Guðmundur Sigmarsson f.h. landeigenda Hrafnabjarga.

Ása M. Einarsdóttir f.h. FSRE/landeigenda Unaóss-Heyskála.

Eypór Stefánsson f.h. heimastjórnar Borgarfjarðar.

Gerður Thoroddsen f.h. landeiganda Sandbrekku.

Markmið fundar

Skipuleggja íbúafund í Hjaltalundi.

Fara yfir athugasemdir við stjórnunar og verndaráætlun.

Önnur mál

Fundarefni

- Samþykkt var að íbúafundur yrði skv. tillögu Davíðs í Hjaltalundi 17. apríl frá u.þ.b. kl. 16-18. Fundur verður sendur út á netinu og DÖ leitar leiða til að hægt verði að koma skoðunum sínum á framfæri fyrir þá sem eru í fjarfundi.
- Rætt um leiðarljós - DÖ búinn að setja inn tillögu sem vilji er til að vinna áfram með.
- Reiðhjól - eiga ekki heima innan náttúruvættis. Óheimilt að hjóla innan náttúruvættis skv. friðlýsingarskilmálum en stefnumótunarvinna á að fela í sér greiningu á því hvar má hjóla og hvar ekki. Rætt um möguleikann á að skilgreina leiðir til blandaðrar umferðar annars vegar, og hinsvegar til umferðar hjóla eða gangandi. Áhersla lögð að við slíkar aðstæður væru merkingar góðar svo fólk gerði sér vel grein fyrir hvað væri heimilt á tilteknum stígum.
- Rætt um að Dyrfjallahlaupið sé sérstaklega ávarpað. Niðurstaða umræðu að ekki eigi að ávarpa sérstaka viðburði en koma skal fram að svæðið sé nýtt m.a. til hlaupa o.fl.
- Í tengslum við umræðu um Dyrfjallahlaup var rætt um að almennt eru engin takmörk á fjölda einstaklinga sem fara um svæðið í hópum en takmarkanir hafa verið settar á hlaup vegna álags innan Stóruvörðar. Rætt um að takmarkanir eru settar á skipulagða viðburði á meðan innviðir hafa ekki verið undirbúnir undir aukið álag en vilji er til að byggja upp stíga svo svæðið þoli aukna umferð.
- Rætt um reiðleiðir. Ósamræmi er í deiliskipulagi fyrir Hrafnabjörg og legu reiðleiðar um hlað Hrafnabjarga. Að sama skapi er efi í landeigendum að leiðin frá Hrafnabjörgum að Unaósi þoli umferð hrossastóða, bæði m.t.t. öryggis og náttúrufars. Niðurstaða umræðu að ekki eigi að ávarpa ákveðnar

reiðleiðir að svo stöddu enda er kveðið á um þær í aðalskipulagi. Nú þegar til stendur að taka upp aðalskipulag væri æskilegt að beina því til sveitarfélagsins að æskilegt er að færa til hluta leiðarinnar frá Sandbrekku að Unaósi.

- Rætt um ómönnuð loftför og notkun þeirra við smalamennsku. Nú eru settar takmarkanir á notkun ómannaðra loftfara innan Stóruðar nema vegna leitar og björgunar – spurning hvort að notkun loftfara við smalamennsku geti fallið undir undanþágu?

Næstu skref

- Davíð heldur áfram að skipuleggja íbúafund í Hjaltalundi.
- Ekki náðist að fara í gegnum athugasemdir > Davíð boðar annan fund til að halda áfram yfirferð yfir stjórnunar- og verndaráætlun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.

